



# Áveitan

3. tbl. 17. árgangur. Mars 2023

## Páska Bingó

Föstudaginn 31. Mars í Þingborg

Húsið opnar kl 19:00 og

Bingóið hefst stundvíslega kl. 19:30

Glæsileg páskaegg í vinning

Spjaldið kostar 500 kr.

Hlökkum til að sjá ykkur!  
Skemmtinefnd Umf. Þjótanda



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719  
865-5692

## Pistill sveitarstjóra

### Kæru íbúar og aðrir lesendur

Nú er sólin farin að hækka á lofti og samhliða því lifnar yfir öllu í kringum okkur. Tími þorrans og þorrablóta er liðinn þetta árið og vil ég nýta tækifærið og þakka þorrablótsnefndunum fyrir þeirra framlag til menningar og skemmtunar í sveitarfélaginu okkar. Þorrablótin voru nokkuð vel sótt og tókust vel.



## Hvatagreiðslur

Flóahreppur greiðir styrk til íþróttar- lista- og tólmundaiðkunar tvisvar sinnum á ári, að hausti og vori. Umsóknarfrestur vegna hvatagreiðslna að vori er til 1. apríl. Foreldrar/ forráðamenn barna á aldrinum frá og með 5 ára og að 18 ára aldri sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um greiðslurnar. Umsóknir og nánari reglur um hvatagreiðslur má nálgast hér á heimasíðu: <https://www.floahreppur.is/is/sveitin-okkar/ithrottir-og-utivist/hvatagreiðslur>

## Styrkur til menningarmála

Sveitarstjórn veitir árlega styrk/styrki til menningarmála í sveitarfélaginu skv. gildandi reglum um úthlutun. Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu. Umsóknum skal skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl og úthlutanir verða í tenglum við Fjör í Flóa í vor. Sjá nánari reglur um úthlutun menningarstyrks á heimasíðu Flóahrepps: [https://www.floahreppur.is/static/files/Reglur/rett\\_reglur-um-uthlutun-styrks-til-menningarmala-i-floahreppi.pdf](https://www.floahreppur.is/static/files/Reglur/rett_reglur-um-uthlutun-styrks-til-menningarmala-i-floahreppi.pdf)

## Vinnuskóli

Vinnuskóli verður starfræktur af sveitarfélaginu í 7 vikur í sumar. Auglýst er eftir flokkstjórum til að stýra vinnuskólanum og umsóknir vegna starfa við vinnuskólann verða auglýstar í apríl. Hvet áhugasama

til að sækja um störf flokkstjóra og við vinnuskólann. Sjá auglýsingu hér í Áveitunni vegna flokkstjóra og á heimasíðu: <https://www.floahreppur.is/is/frettir/flokkstjorar-i-vinnuskola-floahrepps-2023>

### **Girðingar og ástand vega**

Eftir snjópungar vikur í desember og janúar láta girðingar víða á sjá. Íbúar og aðrir umsjónaraðilar eru hvattir til að yfirfara girðingar og lagfæra þar sem þarf. Töluvert hefur verið um tilkynningar um að hross hafa verið laus á vegum síðustu vikunnar vegna skemmdra girðinga. Laus hross og annar búfénaður geta valdið miklum skemmdum og auka slysaættu á vegum umtalsvert. Hægt er að hafa samband við lögregluna eða sveitarfélagið ef íbúar eða vegfarendur verða varir við laus hross og er þá reynt að hafa uppi á eiganda og haft samband. Einnig hefur gefist vel að setja tilkynningar á hópa á facebook svo sem „bændur í Flóahrepp“ til að láta vita um laus hross og hafa eigendur þá brugðist skjótt við.

Yfirborð vega er einnig slæmt víða um sveitarfélagið og á það jafnt við um klæðningar og malarvegi. Klæðningar fara oft illa þegar hlýindakaflar koma eftir mikinn kulda og snjó og eru holur og vegblæðingar farnar að myndast víða. Íbúar eru hvattir til að hafa samband við Vegagerðina eða sveitarfélagið og tilkynna um holur í klæðningu. Djúpar holur í vegum eru slysaávaldur og geta valdið skemmdum á ökutækjum. Einnig er hægt er að tilkynna um holur í vegum eða önnur frávik á götum og umferðarmannvirkjum á vefsíðu FIB: <https://fib.samsyn.is/> Vegagerðin bregst yfirleitt fljótt við ef tilkynnt er um holur, ýmist með því að fylla í holur eða með varúðarmerkingum.

Vegagerðin er meðvituð um ástand malarvega víða í sveitarfélaginu og hafa sett vissa vegkafla á forgangslista hjá sér vegna heflunar þegar frost fer úr jörðu.

### **Rúlluplast – leiga á gámum til íbúa og rekstraraðila**

Eins og bændur vita er rúlluplast sótt af ÍGF skv. sorphirðudagatali. Þar sem einhverjir lenda í vandræðum með geymslu á plastinu á milli söfnunar þá getur ÍGF boðið bændum uppá leigu á midri gámi fyrir rúlluplast heim á bæi. Leigan er 6.900 kr á mánuði sem greiðist af þeim sem notar gáminn. Ekki er rukkað fyrir losun og afsetningu á rúlluplasti, eingöngu fyrir leiguna á gámnum. Áhugasamir geta sett sig samband beint við ÍGF [www.gamafelagid.is](http://www.gamafelagid.is).

Rekstraraðilar/atvinnurekendur geta ávallt haft samband við ÍGF ef þörf er á frekari söfnun á úrgangi vegna reksturs. Sveitarfélagið leggur til gunneiningar við íbúðarhús fyrir heimilisúrgang en eigendum frístundahúsa og atvinnurekendum er ekki skylt að hafa grunneiningar íláta við húsnæði eða atvinnustarfsemi en geta óskað eftir því á eigin kostnað. Öllum er þó skylt að flokka skv. gildandi lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélagsins hvort sem grunneiningar íláta eru við frístundahús og rekstur eða ekki.

Minnt er á að allir fasteignaeigendur geta farið með úrgang á söfnunarstöð í Hrísmýri á Selfossi gegn framvísun inneignarkorts sem fæst afhent á skrifstofu sveitarfélagsins.

Allir geta fengið leigða gáma hjá ÍGF en það er gert á eigin kostnað og panta íbúar gámana sjálfir hjá ÍGF: <https://gamafelagid.is/thjonusta/leiga-a-gamum-eda-odru/gamaleiga/>

Sjá nánari upplýsingar um úrgangsmál í gildandi samþykktum um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi: <https://www.floahreppur.is/static/files/samtykkir/samthykkt-um-medhondlun-urgangs-i-floahreppi.pdf>

## **Skóla- og velferðarþjónustan**

Eins og fram kom í síðasta pistli þá eru að verða breytingar á fyrirkomulagi byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Arnesþings frá og með 1. mars. Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus hafa gengið úr byggðasamlaginu og Uppsveitir og Flói reka nú saman byggðasamlag í kringum þessa þjónustu. Aðal starfsstöð þjónustunnar verður í Laugarási þar sem velferðarþjónustan okkar hefur verið síðustu ár.

Anný Ingimarsdóttir hefur verið ráðin sem deildarstjóri velferðarþjónustu og verið er að vinna úr umsóknum um starf deildarstjóra skólaþjónustu. Auglýst var eftir sálfræðingi og talmeinafræðingi í tímabundið starf vegna fæðingarorlofs en því miður bárust ekki umsóknir um þau störf. Í dag er starfandi talmeinafræðingur í hlutastarfi fyrir þjónustuna. Áfram verður reynt að fá fólk til starfa í þessi sérfræðistörf en mögulega þarf að brúa bilið með aðkeyptri þjónustu verktaka til að vinna að sálfræðigreiningum og talþjálfun leik- og grunnskólabarna.

Velferðarþjónustan er áfram vel mönnuð af því hæfa fólki sem þar hefur starfað undanfarið.

### **Opnunartími skrifstofu:**

Mínum á að opnunartími skrifstofu er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum. Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri:	<a href="mailto:anna@floahreppur.is">anna@floahreppur.is</a>
Hafdis bókarari og launafulltrúi:	<a href="mailto:hafdis@floahreppur.is">hafdis@floahreppur.is</a>
Hulda sveitarstjóri:	<a href="mailto:hulda@floahreppur.is">hulda@floahreppur.is</a>
Vaktsími vatnsveitu:	862-6848

### **Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:**

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á [hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is) til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf hægt að bóka viðtal. Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á [arni@floahreppur.is](mailto:arni@floahreppur.is).

### **Næsti fundur sveitarstjórnar:**

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 7. mars kl. 9:00 í Þingborg. Erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) í síðasta lagi kl. 12:00 föstudaginn 3. mars.

Bestu kveðjur,  
Hulda Kristjánsdóttir  
sveitarstjóri Flóahrepps



**VINNUSKÓLI**

# FLOKKSTJÓRAR ÓSKAST

Leitað er eftir öflugum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og hafa gaman af því að starfa með unglingum og ungmennum.

## **NÁNARI UPPLÝSINGAR:**



**FLÓAHREPPUR**



[floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

## Félagsvist Þjótanda

Þjótandi verður með tvö spilakvöld nú í mars og apríl.

Fyrra kvöldið verður fimmtudaginn 16. mars í Þingborg og hefst kl 19:30. Spilað verður hálf t kort af félagsvist (12 spil). Veitt verða verðlaun fyrir stigahæsta karl og konu.

Seinna kvöldið verður þriðjudaginn 4. apríl í Félagslundi og hefst kl 19:30. Spilað verður hálf t kort af félagsvist og veitt verðlaun fyrir stigahæsta fólk kvöldsins og einnig verðlaun fyrir samanlagðan stigafjölda bæði kvöldin.

Ekki verður sjoppa á staðnum en boðið verður upp á djús og kaffi.

Aðgangseyrir er 1000 krónur á mann, en mest 2000 krónur á hvert heimili, svo það er um að gera að smala sem flestum með. Allir velkomnir á öllum aldri!  
Stjórn Umf. Þjótanda



# RÓSEY EHF

## Ægisíðu 4, Hellsu

(Gula húsið vestan við brúna)

Smíðum allar gerðir af háprýsti- og lágprýstislöngum.

Gerum við ventlakistur - dælur, mótora og tjakka.  
Allt fyrir glussakerfið. Útvegum allt í vökvakerfi.

Opið frá kl. 08 - 18 mánud. - fimmtud. - Föstud. frá kl. 08 - 16

Sími 537 0754 - 835 0754

rosey@rosey.is - (Þjónusta fyrir utan opnunartíma, sími 835 0754)

## Basar kvenfélaga í Flóahreppi 2023

Kvenfélögin þrjú í Flóahreppi taka, annað hvert ár, höndum saman og halda basar til styrktar góðu málefni. Í ár verður basarinn haldinn laugardaginn 4.nóvember og er undirbúningsvinna nú þegar hafin.

Eins og í öðrum verkefnum þar sem verið er að styrkja góð málefni eru allar hendur vel þegnar til verka. Það er ekki skylda að vera í kvenfélagi til að taka þátt í basarnum, við þiggjum allar handverksgjafir til að selja á basarnum.

Margt smátt gerir eitt stórt.

Kveðja, kvenfélögin í Flóahreppi.



### Köttur í óskilum

Þessi fallega læða fannst við Ragnheiðarstaði um miðjan febrúarmánuð.

Gæf og óhrædd við bæði mannfólk og hunda.

Ef einhver kannast við hana endilega hafið samband við Lilju á Brimstöðum í síma 771-2992



## **Leiklistarnámskeið hjá Leikfélagi Selfoss -Flóamenn hvattir til að skrá sig!**

Leikfélag Selfoss verður með leiklistarnámskeið fyrir 16 ára og eldri nú í mars. Lögð verður áhersla á karaktarsköpun og þar með grunnatriði í leiklist eins og radd- og líkamsbeitingu. Leiðin að karaktarsköpuninni verður unnin með æfingum úti á gólfi og í gegnum spuna.

Leiðbeinandi á námskeiðinu verður Raket Ýr Stefánsdóttir leikkona og leikstjóri.

Námskeiðið fer fram á miðvikudögum og fimmtudögum, alls fjögur skipti.

Miðvikudaginn 8. mars kl. 19:00-21:30

Fimmtudaginn 9. mars kl. 19:00-21:30

Miðvikudaginn 15. mars kl. 19:00-21:30

Fimmtudaginn 16. mars kl. 19:00-21:30

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að leika til að mæta hvort sem þú ert að koma í fyrsta skipti eða ert með mikla reynslu. Námskeiðsverð er 15.000 kr. og 10.000 kr. fyrir féлага í leikfélaginu.

Skráning er á [leikfelagsselfoss@leikfelagsselfoss.is](mailto:leikfelagsselfoss@leikfelagsselfoss.is)

Leikfélag Selfoss

### **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

Aðalfundurinn okkar verður haldinn fimmtudaginn 23.mars kl. 19:00 á kaffistofunni í Flóaskóla.

Dagskrá fundar er hefðbundin aðalfundarstörf.

Kaffikonur eru Valgerður Gestsdóttir, Kristín Tómasdóttir og Elín Bjarnveig Sveinsdóttir.

Nýjar konur velkomnar á fundinn til kynningar eða inngöngu í félagið. Upplýsingar veitir formaður Ósk í síma 847-3687 eða netfang [kfsvillingaholtshrepps@gmail.com](mailto:kfsvillingaholtshrepps@gmail.com).

Kveðja, stjórnin

## Fréttir af aðalfundi Þjótanda

Aðalfundur Þjótanda var haldinn í Þingborg 6. febrúar sl. Um 20 manns á öllum aldri mættu á fundinn. Byrjað var á að snæða léttan kvöldverð, pylsur og drykki og fundurinn hófst svo kl 19. Það sýndi sig að með þessu fyrirkomulagi koma fleiri ungir krakkar á fundinn sem var mjög skemmtilegt. Hrafnhildur Baldursdóttir var fundarstjóri og Magnús St. Magnússon fundarritari. Að lokinni fundargerð síðasta aðalfundar var farið yfir ársskýrslu félagsins sem lá fjölfölduð fyrir fundinum og fóru Fanney formaður og formenn nefnda yfir starfið á liðnu ári. Skýrslan er samtals 12 síður og geta áhugasamir nálgast hana á floahreppur.is. Harpa gjaldkeri skýrði reikninga félagsins sem voru samþykktir samhljóða.

Næst voru verðlaunaafhendingar. Markús Ívarsson var valinn félagi ársins. Hann hefur starfað fyrir ungmennafélögin í



Flóanum áratugum saman, og er upphafsmaður af Flóahlaupinu sem haldið hefur verið árlega í yfir 40 ár. Íþróttamenn ársins voru keppendur Flóaskóla í Skólahreysti 2022. Þau eru Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Þórunn Ólafsdóttir, Viðar Hrafn Victorsson og

Auðunn Ingi Davíðsson. Eins og flestir muna sigraði Flóaskóli keppnina á sl. ári og krakkarnir því afar vel að viðurkenningunni komin.

Undir liðnum „inntaka nýrra félaga“ voru lesin upp 16 ný nöfn sem bæst höfðu við félagatalið milli aðalfunda. Venjan er að taka



börn og unglina inn á félagatal þegar þau byrja að mæta á æfingar hjá félaginu.

Þá var komið að kosningum. Ein breyting varð á stjórninni en Sveinn Orri Einarsson í Egilsstaðakoti tók við sem ritari af Magnúsi í Hallanda sem

verið hafði ritari frá stofnun félagsins 2015.

Voru honum þökkuð góð störf fyrir félagið.

Niðurstaða kosninga var þessi:

Formaður Fanney Ólafsdóttir.

Gjaldkeri Harpa Magnúsdóttir.

Ritari Sveinn Orri Einarsson.

Varastjórn Örvar Rafn Hlíðdal og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir.

Formaður íþróttanefndar Bryndís Eva Óskarsdóttir.

Formaður skemmtinefndar Freyja Kristín Guðjónsdóttir.

Formenn ritnefndar Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir.

Skoðunarmaður reikninga Rannveig Árnadóttir og Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir til vara.

Samþykkt var tillaga um árgjald félagsins en það verður 2000 kr á heimili fyrir 1-2 félagsmenn og 3000 kr á heimili fyrir 3 félagsmenn eða fleiri. Innheimt er fyrir 12 ára og eldri.

Undir liðnum önnur mál var rætt um starfið framundan,

leiklistaráhuga, svæði félagsins við Einbúa og hugmynd um að fá fleira ungt fólk með í nefndir félagsins.

Fundi var slitið um kl 20:30.

## Fréttir frá Flóaskóla

Margt hefur verið á döfinni hjá okkur í Flóaskóla í febrúar.

Viðtalsdagar nemenda og foreldra við umsjónarkennara voru samkvæmt skóladagatali og framhaldi fórum við í tveggja daga vetrarfrí.



Leikskólahópur elstu nemenda Krakkaborgar kom í heimsókn sem er hluti af samstarfi milli skólanna. Markmið heimsóknanna er að þjálfra þau fyrir komandi grunnskólagöngu og gera þau örugg í umhverfi Flóaskóla.

Tónlistarskóli Suðurlands kom og var með hljóðfærakynningu fyrir nemendur í 1.-4. bekk.

Árshátíð eldra stigs var haldin 16. febrúar og stigu nemendur á svið og frumsýndu leikritið *Ekki aukatekið morð*. Ekki var annað að sjá en að stykkið hafi vakið mikla lukku hjá þeim sem á horfðu.



Suðurlandsmót grunnskólana í skák fór fram 17. febrúar á Flúðum þar sem alls kepptu 26 sveitir, fjórir nemendur í hverri sveit. Telft var í tveimur flokkum annars vegar 1.-7. bekk og hinsvegar 8.-10. bekk. Flóaskóli sendi 24 nemendur á mótið og hafnaði ein sveitin í 3 sæti. Sveitina skipuðu þeir Bjarki Rafn Reynisson, Garðar Þór Jónsson, Hrafnkell Hilmar Sigmarsson og Styrkár Freyr Birkisson. Þess má geta að Flóaskóli var eini skólinn sem tefldi fram stúlknasveit. Virkilega gaman að sjá þennan aukna skákáhuga í skólanum okkar og á Suðurlandi öllu.

Vikuna 20.-24. febrúar voru haldnir fjölskyldudagar í skólanum. Dagarnir gengu mjög vel og virkilega skemmtilegt hve margir sáu sér fært að mæta á opna húsið hjá okkur. Dagskrá á opnum degi var



mjög fjölbreytt. Meðal annars var vöflusala nemenda í 10. bekk, hraðskák nemenda við foreldra/gesti, fata- og bókamarkaður, spurningar um heiminn, kynning á nærsamfélagi, slökun og frisbý svo fátt eitt sé nefnt.

Í lok febrúar lagði 7. bekkur af stað í vikuferð í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði. Þessi ferð er árleg hjá öllum nemendum 7. bekkjar og alltaf mikil ánægja nemenda með veruna í skólabúðunum.

Kær kveðja frá Flóaskóla

## Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

### Hrossakjötsveisla - Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélags Flóahrepps verður haldin í Vatnsholti föstudagskvöldið 17. mars næstkomandi með tilheyrandi hrossakjötsáti og verðlaunaveitingum. Einnig ætlar Gísli Guðjónsson kynbótadómari að koma og fræða okkur um ýmislegt varðandi kynbótadóma. Verð á mann er 3900 krónur og einnig verður tilboð á barnum. Húsið opnar kl. 20:00. Allir velkomnir.

Skráning er hjá Ágústi Inga [agustk@visir.is](mailto:agustk@visir.is) sími 899-5494, Atla Geir [atligeir@hive.is](mailto:atligeir@hive.is) sími 898-2256 og á netfang félagsins [hrff.stjorn@gmail.com](mailto:hrff.stjorn@gmail.com).

Skráningu lýkur sunnudagskvöldið 12. Mars.

### Aðalfundur

Aðalfundur HRFF verður haldinn í Þingborg miðvikudagskvöldið 22. Mars. Fundurinn hefst kl. 20:00. Kaffiveitingar í boði félagsins. Hvetjum við félagsmenn til að mæta á aðalfundinn og hafa áhrif á störf félagsins.

Á dagskrá fundar eru hefðbundin aðalfundarstörf auk lagabreytinga sem verða kynntar á heimasíðu félagsins. En stjórn félagsins leggur til breytingar á 5. grein í lögum félagsins og verða þessar breytingar betur kynntar á heimasíðu félagsins á næstu dögum. Vefsíðan er [hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com](http://hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com)

# Meistaramót Íslands 11.-14.ára 11.02.2023 Reykjavík

Feikna vel sótt mót og keppnisaðstæður eins og best er ákosið. Keppendur um 280 alls staðar af landinu og fóru 6 sprækir keppendur úr röðum UMF.Þjótanda á mótið. Kepptu þeir í heildarstigum með HSK og tókst því liði að sigra naumlega heildarstigakeppni félagsliða með 496,5 stig á síðustu metrunum Breiðablik var einungis 4,5 stigi á eftir þeim og varð í öðru sæti. Keppendur gistu í Laugalækjaskóla og voru fararstjórar okkar fólks þær Fanney Ólafsdóttir og Lilja Reynisdóttir. Allt gekk vonum framár og mikil stemning í hópnum. Gaman þegar svona vel tekst til.

## Kristján Reynisson 11 ára

23.sæti 10,41 sek 60m Hlaup  
11.sæti 3,65 m Langstökk  
9.sæti 3,95 m Kúluvarp 2kg  
23-27.sæti 1,01 m Hástökk  
15.sæti 84,65 sek 400m Hlaup  
5.sæti 2:29,42 mín Sveit HSK/Selfoss

## Ottó Ingi Annýjarson 11 ára

34.sæti 11,25 sek 60 m hlaup  
27.sæti 3,19 m Langstökk  
38.sæti 3,61 m Kúluvarp 2kg  
33-35.sæti 0,95 m Hástökk  
28.sæti 90,31 sek 400m hlaup

## Baldur Ragnar Ragnarsson 11 ára

2.sæti 8,49 m Kúluvarp 2 kg

## Lilja María Axelsdóttir 11 ára

5.sæti 10,03 sek 60m hlaup  
3.sæti 3,54 m Langstökk

10-11.sæti 1,01 m Hástökk  
7.sæti 5,40 m Kúluvarp 2kg  
4.sæti 82,35 sek 400m hlaup  
2.sæti 2:29,63 sek Sveit HSK/Selfoss

### **Bjarki Rafn Reynisson 13 ára**

5.sæti 9,12 sek 60m hlaup  
4.sæti 4,49 m Langstökk  
2.sæti 2:23,04 mín Sveit HSK/Selfoss

### **Már Óskar Bjarnason 13 ára**

14.sæti 10,05 sek 60m hlaup  
16.sæti 3,47 m Langstökk  
12.sæti 6,11 m Kúluvarp 3kg  
2.sæti 2:23,04 mín Sveit HSK/Selfoss



Bjarki Rafn og Már Óskar



Baldur Ragnar á verðlaunapalli





Ottó Ingi og Kristján

Lilja María



# Nordic Masters Open - 24.2.2023 - Reykjavík Norðurlandamót-Laugardalshöll

Þar sem mótið var á Íslandi var mikil stemning hjá Íslendingum að fjölmenna á mótið. Keppendur voru um 250 og af þeim voru 57 Íslendingar. Þar af kepptu 4 úr röðum Þjótanda. Hildi tókst að bæta Íslandsmet í hennar aldursflokki í kúluvarp. Gamla metið var 8,56m og er síðan 1999.

## Rúnar Hjálmarsson flokki 35-39 ára

1.sæti 1,64 m Hástökk

## Ingibjörg Markúsdóttir flokki 35-39 ára

5.sæti 8,09 m Kúluvarp 4 kg

3.sæti 9,27 m Lóðkast 9,08kg

## Hildur Harðardóttir flokki 55-59 ára

4.sæti 11,52 sek 60m hlaup

1.sæti 9,64 m Kúluvarp 3kg *Íslandsmet*

## Bryndís Eva Óskarsdóttir flokki 35-39 ára

2.sæti 8,91 sek 60m hlaup

1.sæti 11,17 sek 60m grind

1.sæti 1,44 m Hástökk

1.sæti 4,61 m Langstökk

2.sæti 10,12 m Kúluvarp 4kg

1.sæti 9,53 m Þrístökk



# Unglingameistaramót Íslands innan húss - 28.1.2023 - Hafnarfirði

Umf. Þjótandi átti einn harðduglegann keppanda á mótinu sem keppti í 7 greinum og bætti eða jafnaði persónulegt met í 5 þeirra. Það var Helgi Reynisson 15 ára og er mikið gaman að sjá þessar framfarir hjá honum.

8.sæti 8,82 sek 60 metra hlaup  
5.sæti 11,25 sek 60 metra grind  
4-5.sæti 1,50 m Hástökk  
7.sæti 4,76 m Langstökk  
6.sæti 10,08 m Þristökk  
2.sæti 2,30 m Stangarstökk  
7.sæti 8,06 m Kúluvarp (4 kg)



Helgi á verðlaunapalli

## RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf  
í umhverfis-  
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

**Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is**

## **Skemmtinefnd Þjótanda**

Á fyrsta stjórnarfundum Þjótanda eftir aðalfund var ákveðið að fjölga í skemmtinefnd fyrir árið 2023. Nefndin er þannig skipuð:  
Freyja Kristín Guðjónsdóttir formaður  
Guðmunda Bríet Steindórsdóttir  
Hanna Dóra Höskuldsdóttir  
Viðar Hrafn Victorsson

## **Óskum eftir íbúð til leigu**

Vatnsholt óskar eftir íbúð/sumarhúsi fyrir starfsfólk til leigu. Tímabil eftir samkomulagi. Vinsamlegast hafið samband við Margréti í síma 899-7748 eða email [info@hotelvatnsholt.is](mailto:info@hotelvatnsholt.is)



## **Dagskrá mánaðarins:**

Folaldasýning Hrossaræktarfélag Flóahrepps	5. mars
Messa í Hraungerðiskirkju	5. mars
Glímuæfingar í Félagslundi	6. mars
Æfingar í Þingborg	7. mars
Glímuæfingar í Félagslundi	13. mars
Æfingar í Þingborg	14. mars
Félagsvist í Félagslundi	16. mars
Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélag Flóahrepps	17. mars
Glímuæfingar í Félagslundi	20. mars
Æfingar í Þingborg	21. mars
Aðalfundur Hrossaræktarfélag Flóahrepps	22. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	23. mars
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	26. mars
Glímuæfingar í Félagslundi	27. mars
Æfingar í Þingborg	28. mars
Páskabingó í Þingborg	31. mars